



Hrunamannahreppur.

Sími 480 6600, Fax 480 6606, netfang; hruni@fludir.is, heimasíða www.hrunamannahreppur.is

Atun.
Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 141/1548
komudagur 13.2.2013

Á fundi hreppsnefndar Hrunamannahrepps 7. febrúar s.l. var fjallað um frumvarp til laga um meðferð dýra og búfjárhald að eigin frumkvæði hreppsnefndar.

283. mál

Eftirfarandi bókun var gerð:

„Oddviti kynnti frumvarp um lög um dýravelferð og tengsl þess við lög um búfjárhald. Þá voru lagðar fram umsagnir Sambands íslenskra sveitarfélaga um frumvarpið og kostnaðargreining sveitarfélaganna. Hreppsnefnd tekur undir umsögn Sambandsins. Hreppsnefnd lýsir hins vegar undrun sinni yfir því að frumvörp til laga um dýravelferð og búfjárhald hafi ekki verið send beint til sveitarfélaga til umsagnar enda varðar löggjöfin verulega hagsmuni sveitarfélaganna. Hreppsnefnd krefst þess að frumvarpið verði sent til umsagnar allra sveitarfélaga á Íslandi, m.a. þurfa sveitarfélögin að geta sent frumvörpin í viðeigandi nefndir innan sveitarfélaganna.“

Flúðum 8. febrúar 2013

Jón G. Valgeirsson